

anda og særi hann með sverði eður kylfu, eður grýti, þá skulu leikmenn þeir, er þetta mega sjá, handtaka illvirkja þann eður þá, og færa fyrir dómara vörn; né skal borgarmönnum hlíta, að sneiða sig þar frá, að ekki megu þeir sjá tilræðið, né handsamað fá spellvirkjann eður borið sannleikanum vítni.

Enn fremur, hvort sökumaður er staðinn að verki eður eigi, bjóðum vér, að mál hans skuli ganga til réttar, og skulu klerkar, leikmenn eður aðrir þar til kjörnir, svo sem lög ákveða, yfirfara öll gögn í málinu; hið sama ber og greifum vorum og dómurum að gjöra.

Reynist sá kærði sannur að sök, að réttarfærslu lokinni, mæli dómara vorir honum samstundis, glæpi hans samsvarandi, þá refsingu, er hann hefir tilunnið, þótt hann sjálfur neiti sakar-áburði, og bjóðist til að verja sig á hólmi eður leita sýknunar með vatnsraun.*

Hvorki prófastar** vorir né dómara skulu leggja hendur á nemanda, enda þótt sakir standi til, né mega þeir hneppa hann í varðhald eður kastà í fangelsi, án þess hann hafi fyrirgjört frelsi. Í því falli skulu dómara vorir handtaka hann, en ekki mega þeir misþyrma honum, verjast hann þeim ekki, en þeir skulu færa hann fyrir hinn geistlega rétt, að skipunum vorum verði fullnægt og þeim, er óréttinn bíður. Veiti nemandinn enga viðstöðu, en verði samt fyrir meiðslum, skal það sektum varða, er til réttar kemur og fengnar eru á því fullar sannanir.

*) Vatnsraun var áfrýjunardómur kyrkjunnar mjög almennur á miðöldunum, er sanna átti sýknu eður sekt þess ákærða. Það var með þeim hætti, að tekinn var stór ketill, fylltur vatni, og vatnið hitað að súðu. Ofan í það var svo látinn lítill hringur, er sá sakborni átti að ná. Áður en hann dýfði höndinni í ketilinn var hún þvegin úr vígðu vatni með miklum seremoníum, og síðan ermar brotnar upp fyrir olnboga. Strax og sá seki hafði náð hringnum, var handleggurinn vafinn, og skoðaður síðan að þrem dögum liðnum. Ef hann var lítið örkumlaður, var kæran felld. Í þessa þrjá daga, þar til dómsúrskurður var felldur, var öll fæða hins kærða blönduð helgu vatni og salti, „svo réttvísni yrði ekki fyrir ámæli.“ (cf. Eberhard Bamberg. Brev. Sec. 5.)

**) Verslegir embættismenn þá, um árið 1200.